

BSRB: Engin ástæða til að fresta kynjakvóta

BSRB: Engin ástæða til að fresta kynjakvóta



Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB. [mbl.is/Omar Óskarsson](http://mbl.is/Omar_Oskarsson)

„BSRB leggst gegn því að gildistöku laga um kynjakvóta í stjórnun lífeyrissjóða verði frestað líkt og Landsamtök lífeyrissjóða hafa lagt til. Landssamtökin hafa haft nægan tíma til að bregðast við hinum nýju lögum sem voru samþykkt í september 2011.“

Þetta segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB um beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða um frestun á gildistöku 1. greinar um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í frétt á vefsíðu BSRB segir Elín Björg að það komi sér á óvart að þetta komi fram núna hálfu ári áður en lögin eiga að taka gildi. „Þegar lögin voru upphaflega samþykkt var lífeyrissjóðunum gefinn rúmur tími til að bregðast við.“

Greinin sem um ræðir fjallar um kynjakvóta í stjórnun lífeyrissjóða en þar segir:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.“

Landssamtök lífeyrissjóða segjast almennt styðja þá stefnu að jafna kynjahlutfall í stjórnun lífeyrissjóðanna en samtökin vilja engu að síður fresta gildistöku greinarinnar fram til 1. júní 2014. Í umsögn sinni segja landsamtökin óska þess að gildistöku laganna verði frestað til að lífeyrissjóðir landsins nái að aðlaga skip-

anir í stjórnir sjóðanna að hinum nýju lögum.

Landssamtökin segjast nýlega hafa hafið athugun á því með hvaða hætti stjórnarkjöri er háttað hjá lífeyrissjóðunum og að slík athugun sé nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að útfæra reglurnar sem ætlað er að jafna hlutföll kynjanna í stjórnnum lífeyrissjóða landsins.

„Breytingin á þessum lögum er liður í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Þetta er ein leiðanna sem leiðir til jafnréttis kynjanna í atvinnulífinu og Ísland er nokkuð aftarlega þegar kemur að kynjahlutföllum í stjórnnum. Það er því að mati bandalagsins að lífeyrissjóðirnir sýni gott fordæmi og bregðist þegar við ójafni kynjaskiptingu innan stjórna þeirra. Jöfnun kynjahlutfalla á þeim stöðum þar sem ákvarðanir eru teknar er mikilvægt jafnréttismál og því verða lífeyrissjóðirnir, rétt eins og aðrir, að leggja sitt af mörkum. BSRB hafnar því alfarið tillögu um frestun á gildistöku laganna,“ segir Elín Björg.

- 0